

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, samþykkir hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal- og deiliskipulags fyrir Suðureyrar-kauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.
Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

21. september 1990

Nr. 374

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði suður og vestur af Reykjanesskaga.

1. gr.

Frá og með 1. október 1990 til og með 31. desember 1990 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30 N, 21°39 V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30 N, 21°39 V í punkt 63°40 N, 22°32 V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40 N, 22°32 V réttvísandi norður af Staðarbergi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. október 1990 til og með 31. janúar 1991, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan af 64°20 N.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1991 til og með 30. apríl 1991 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan 64°20 N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. september 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hjörtur Guðmundsson.